



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2956
komudagur 14. 7. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. júlí 2010.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum. Þingskjal 1258 - 658. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 22. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum (sameining ráðuneyta), 658. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmiðið með því er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Með frumvarpinu er lagt til að ráðuneytum verði fækkað úr tólf í níu og verkefni færð saman til að ná sem mestum samlegðaráhrifum.

Tollstjóri gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp en telur að verði það að lögum muni það hafa í för með sér þjóðhagslegt hagræði sem er mjög mikilvægt á þeim umbrotatímum sem íslenskt samfélag er nú að ganga í gegnum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri